

Spurningar um kreppu og stríð

Góð og ýtarleg svör við þessum spurningum koma sér vel í próflestri.

1. Teldu upp þrennt sem sýnir uppgang í íslensku atvinnulífi á fjórða áratug 20. aldar.
2. Tímabilið í bókmenntasögunni er afmarkað frá 1930-1945. Hvað ræður?
3. Hvaða þrjú sögulegu atburðir setja mark sitt á þetta tímabil?
4. Hvernig birtast þeir í bókmenntunum frá þessum tíma?
 - a. Í ljóðum? Nefndu verk máli þínu til stuðnings.
 - b. Í skáldsögum? Nefndu verk máli þínu til stuðnings.
5. Hvert var markmiðið með stofnun Félags byltingarsinnaðra rithöfunda?
6. Hvað hét tímarit hins nýstofnaða félags og kom út undir sjálfstæðu nafni í 4 ár?
7. Bókmenntafélagið Mál og menning var stofnað árið 1937 og fengu félagsmenn fréttabréf í hendur. Hvað heitir það?
8. Nefndu 2 ljóðskáld sem ortu ættjarðarljóð í tilefni lýðveldisstofnunar.
9. Bókaklúbbar hefja göngu sína. Nefndu tvo. Hvert var markmið þeirra? Skyldi þeim hafa tekist að ná yfirlýstum markmiðum sínum?
10. Hvað einkenndi skáldskap róttækra höfunda? En hvað einkenndi skáldskap þeirra sem ekki skrifuðu undir „rauðum fánum“?
11. Blómleg tímaritaútgáfa var á tímabilinu. Af hverju skiptir hún meira máli þá en nú?
12. Um hvaða dag yrkir Sigurður Einarsson í ljóði sínu „Dagurinn kemur“? Hvaða táknrænan skilning má leggja í ryk og gamla móðu í erindinu?
13. Ég var soltinn og klæðlaus og orti í Alþýðublaðið, / og allur heimurinn fyrirleit blaðið og mig er haft eftir einu skáldi á bls. 85. Hvaða skáldi? Hvers vegna skyldi hann taka svo til orða? Heimfærðu orð hans upp á fjórða áratuginn.
14. Hvert var viðfangsefni íslensku málara á þessu tímabili? Rök.
15. Nefndu 2 þekkta listmálara frá þessum tíma.

16. Jóhannes úr Kötlum:

- a. Sýndu dæmi hvernig nýrómantík og ættjarðarást endurspeglast í ljóði/ljóðbroti eftir hann.
- b. Gerðu það sama nema nú skaltu taka dæmi úr róttæku byltingarljóði eftir hann.
- c. Sama, nema nú brot úr barnaljóði.
- d. Að síðustu skaltu sýna brot þegar hann hefur kastað frá sér hefðbundnu ljóðformi (og þá undir dulnefninu Anonymus).

17. Teldu upp 5 atriði sem þér finnast merkileg um Jóhannes úr Kötlum og verk hans.

18. Steinn Steinarr:

- a. Sýndu dæmi um róttækni og baráttuhug í ljóði eftir Stein.
- b. Sýndu dæmi um heimspekilegar vangaveltur í ljóði eftir höfundinn.

19. Teldu upp a.m.k. 3 ljóðabækur eftir Stein Steinarr.

20. Tengdu ævisöguna Skáldið sem sólin kyssti við skáldið Guðmund Böðvarsson.

21. Hvað táknar rauði steinninn í samnefndu ljóði Guðmundar?

22. „Annar þjóðsöngur“ Íslendinga er eftir Guðmund Böðvarsson, hvernig hljóða upphafslínurnar?

23. Teldu upp a.m.k. 4 atriði sem einkenna skáldsögur kreppu og stríðs.

24. Hvað heita 4 skáldsögur – og jafnframt þekktustu verk – Halldórs Laxness sem hann skrifaði á fjórða áratugnum?

25. Hver er sérstaða verks Þórunnar E. Magnúsdóttur sem heitir því skemmtilega nafni Dætur Reykjavíkur?

26. Hver eru þessi frægu Austurbæjarskólaskáld? Hvað gerir þau svona fræg sem raun varð á? Nefndu a.m.k. eitt verk eftir hvern.

27. Hvers vegna hlotnaðist Tómasi Guðmundssyni nafnbótin borgarskáld?

28. Hvernig „öðruvísi“ orti Tómas en samtíðarmenn hans sem voru hvað mest áberandi á tímabilinu 1930-1945? Sýndu dæmi um yrkisefni skáldsins.

29. Hvers vegna skyldi Tómasi hafa verið tekið svo fagnandi sem raun ber vitni og ljóðabækur hans „lesnar upp til agna“?
30. Hvaða ljóð Tómasar þekkir þú?
31. Hvernig rit er Alþýðubók Halldórs Laxness sem kom út 1929?
32. Teldu upp eins mörg frumsamin verk Halldórs Laxness og þú getur.
33. Nefndu dæmi um þýðingar eftir Laxness.
34. Hvað er átt við með „kiljanskan stíl Laxness“?
35. Á hvað deilir Halldór helst í sögum sínum?
36. Á tímamótum eða í lok tímabilsins eru augljósar breytingar á skáldskapnum í nánd, hvaða?
37. Útskýrðu nákvæmlega hvað Þorpið er sem kom út 1946. Segðu frá höfundi verksins í 5-7 málsgreinum.
38. Útskýrðu nákvæmlega hvað Tíminn og vatnið er sem kom út árið 1948. Segðu frá höfundi verksins í 5-7 málsgreinum.